

AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Dalsholt, L209270.

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi fyrir Dalsholt, L209270. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni innan byggingarreits B2. Samkvæmt núgildandi skipulagi er gert ráð fyrir allt að 500 m² byggingarmagni á reitnum. Eftir breytingu verður heimild fyrir allt að 600 m² byggingarmagni innan reits B2.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. september 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. október 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. október 2020